























Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
30 NÓV. 2016
Byggingarfulltrúi

Staðgreinir: 8721-2-00040000
Landnúmer: 167088

UMSÓKN

Sótt er um að byggja viðbyggingu á tveimur hæðum.

Á 1. hæð verður eldhús fyrir veitingasal ásamt lager, kæli, ræestingu og starfsmannaaðstöðu. Í eldhúsi verða einnig framleiddar afurðir úr grænmeti ræktuðu á Friðheimum sem seldar verða á staðnum.

Á 2. hæð verða skrifstofur, fundaherbergi, kaffistofa og snyrtingar.

Tengigangur úr stáli og gleri tengir nýbygginguna við núverandi gróðurhús.

STARFSEMI

Móttökusvæði fyrir ferðamenn er í núverandi gróðurhúsi um 225 fm að grunnfleti. Þar eru haldnar kynningar og bornar fram veitingar framleiddar úr grænmeti ræktuðu á Friðheimum. Vegna aukins umfangs starfseminnar er nú sótt um byggja nýbyggingu sem hýsa mun nýtt eldhús og skrifstofur ásamt bættri stafsmannaaðstöðu. Núverand eldhús verður áfram notað fyrir minniháttar framleiðslu og uppvask. Aðstaða fyrir annað starfsfólk en eldhúss og skrifstofur eru til staðar annars staðar í gróðurstöðinni svo sem snyrtingar, sturta, kaffistofa og fatageymslur.

BYGGINGARLÝSING

*ALMENNT:*

Neðri hæð er úr steinsteypu en efri hæð og þak úr timbri.

*GÓLF*

*Gólf neðri hæðar* er steypt.

*Gólf efri hæðar* er gert úr holplötum með ílögn og uppfyllir skilyrði brunavarna um REI60.

*VEGGIR*

*Útveggir neðri hæðar* eru steyptir, einangraðir að innan og múrhúðaðir. Á hluta veggja er utanáliggjandi gróf timburgrind.

*Útveggir efri hæðar* eru gerðir úr timburgrind, einangraðir með 125 mm steinull, klæddir að utan með rakaþolnum krossvið og málmklæðningu á loftaðri grind. Að innan er rakavarnarlag, timburgrind fyrir lagnir og klætt með gips- og spónaplötum. Allir innveggir eru gerðir úr timburgrind klæddir með rakaþolnum spónaplötum eða tvöföldum 13 mm gipsplötum. Innveggir eru einangraðir með 100 mm steinull.

*ÞAK*

Burðarvirki þaks er úr timbri, klætt að ofan með borðaklæðningu, þakpappa og bárujárni. Þak er einangrað með 200 mm þykkri steinull og er 3 mm stálvír strengdur c/c 300 mm neðan einangrunar. Að neðan er rakavarnarlag og klætt með 13 mm gipsplötum á timburgrind.

*GLUGGAR*

Gluggar eru timburgluggar með einangrunargleri með sólarvörn.

*BRUNAVARNIR*

Veggir sem afmarka eldhús og veggur við gróðurhús uppfyllla skilyrði um EI60 og hurðir þeirra veggja EICS30.
Gólf 2. hæðar uppfyllir skilyrði um REI60.
Reykskynjarar eru í eldhúsi og skrifstofum tengdir viðvörunarkerfi gróðurrstöðvar.
Slökkvibúnaður er í háfi yfir eldavél.
Neyðarlýsing er í eldhúsi og skrifstofum.
Útljós eru við flóttaleiðir.
Brunaslöngur og slökkvitæki eru í eldhúsi og á skrifstofuhæð.

*LAGNAKERFI*

Hitalagnir eru í gólfum beggja hæða.
Heitt og kalt vatn svo og rafmagn er tengt við lagnakerfi gróðurstöðvar.

STÆRÐIR

Brúttóflötur: 338,3 fm
Brúttó rúmmál: 1.044,5 rm

Allar aðrar stærðir gróðurhúsa og annarra bygginga á lóðinni eru óbreyttar.

SKÝRINGAR:

- steinsteypa
- timburveggur
- R reykskynjari
- S slökkvitæki
- F fellistigi / flóttaleið

| BREYTING: | DAGS: |
|---|---|
| C: þjónustuhús færist um 1,0 m frá gróðurhúsi, gólf 2. hæðar nú gert úr holplötum, tengigangua að gr.húsi, | 05.12.2016 |
| B: settar inn brunamerkingar, brsl. R, S, F, | 21.11.2016 |
| A: málsetningum bætt á grunnmynd og snið, | 28.10.2016 |

# FRIÐHEIMAR

VERK: REYKHOLTI, BLÁSKÓGABYGGÐ

TEIKNING: viðbygging: eldhús, skrifstofur

EFNI: AÐALTEIKNING
grunnmyndir, snið, útlit

MKV: 1:100 TEIKN: RA YFIRF: RA

DAGS: 12.10.2016 NR: 296-109C

UNDIRSKRIFT: KT: 240448-2469

ADAMSSON ehf - arkitektastofa
Lundi 19 - 200 Kópavogi - sími: 551 1300
netfang: adamsson@simnet.is
Reynir Adamsson arkitekt fai / fssa

0681